

**Ed.**

**772. Frumvarp**

til l. um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

**1. gr.**

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 1927 skal til ársloka 1934 innheimta með 80% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álaginu.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.